

## **2 Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til lögreglu- 19. mars stjórans í Reykjavík um innflutning á svinum.**

Ráðuneytinu hefir borist beiðni frá stórkaupmanni Carl Olsen um að honum verði leyft að flytja hjer í land 6 grísi frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 56, frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 35, frá 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

1) Að grísunum fylgi vottorð frá dýralækni í Danmörku um að þeir sjeu heilbrigðir er þeir eru fluttir á skip.

2) Að þeir verði við komu þeirra hingað athugaðir af dýralækni og að hann finni ekkert við heilbrigði þeirra að athuga.

3) Að innflytjandi skuldbindi sig til að flytja þá strax í vagni á afvikinn stað og láti þá ekki fara þaðan nema til slátrunar, og sje þeim þá ekið í vagni til slátrunarbússins.

**3**  
6. jan.

## **Auglýsing**

um

### **breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Siglufjarðar- kaupstað frá 5. júní 1915.**

Verð á rafmagni til ljósa fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. des. ár hvert hækkar um 50% frá því sem nú er frá 1. ágúst næstkomandi að telja.

Gjaldskrárbreyting þessi er hjermeð gjörð samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóv. 1915 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 6. jan. 1921.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*